

Fundargerð: 9. desember 2024 kl. 12:00 – Skrifstofa TSÍ

Mættir á fundinn:

Magnús, formaður; Andri Jóns, aðalmaður; Kristín Dan, gjaldkeri; Gunnar, aðalmaður. Mia forfallaðist en Raj sat fundinn sem gestur

1. Fundargerð síðustu funda

Fundargerð síðastu tveggja funda lagðar fram og samþykktar

2. Staða fjármála og bókhald

Kristín fór yfir fjármál. Hún greindi frá því að bókhaldi fyrir árið er ekki lokið en staða reikninga ágæt. Raj, Kristín og Magnús funduðu sérstaklega liðna helgi til að tryggja að engar tekjur væru að gleymast í innheimtu.

3. Innlend mótarið næsta árs

Stjórn sammála um að halda innlendri mótarið næsta árs með svipuðu sniði og á líðandi ári. Magnúsi falið að hafa samband við aðildarfélög til að kanna áhuga á mótahaldi. Félögum verði gefinn frestur til áramóta til að lýsa yfir áhuga og mótariðin síðan afgreidd á fyrsta fundi á nýju ári.

4. Erlend verkefni 2025

Magnús upplýsti að tennis verður ekki keppnisgrein á EYOF árið 2025. Á móti kemur að samið hefur verið við hin Norðurlöndin um þátttöku Íslands í Nordic Open U13. Þessi þátttaka verður með tilraunasniði fyrsta árið.

5. Útbreiðslustyrkur 2024

Magnúsi falið að birta auglýsingu um útbreiðslustyrki 2024. Magnús, Kristín og Gunnar taka að sér að fara yfir umsóknir og gera tillögu um úthlutun til stjórnar.

6. Styrkir vegna afreksstarfs einstaklinga

Magnúsi falið að birta auglýsingu um úthlutun.

7. Val á tennisspilurum ársins

Magnús stakk uppá Agli og Garímu. Allir sammála enda bæði tvöfaldir Íslandsmeistarar 2024.

8. Önnur mál

Andri hóf umræðu um hvernig mætti gera spilara sjálfstæðari í að leita uppi og skrá sig í mót erlendis. Andri og Raj taka að sér að fræða landsliðshópa og foreldra um möguleikana.

- Fundi slitið kl. 12:40